

Skagafjörður  
Sæunn Kolbrún Þórólfsdóttir  
Skagfirðingabraut 17  
550 Sauðárkrókur

Reykjavík, 5. nóvember 2024  
UST202409-257/A.B.  
10.04.00

## **Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020- 2035 fyrir sorpmóttöku og gámalóð, Hofsósi, Skagafirði**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Skagafjarðar er barst 25. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020- 2035 fyrir sorpmóttöku og gámalóð, Hofsósi, Skagafirði.

Í erindinu kemur fram að aðalskipulagsbreytingin felur í sér að skilgreint verður iðnaðarsvæði (0,66 ha að stærð) þar sem í dag er skilgreint athafnasvæði í gildandi aðalskipulagi. Innan athafnasvæðisins hafa verið gámar fyrir sorpmóttöku undanfarna áratugi og nú stendur til að byggja undir þá viðunandi og nútímanlegri aðstöðu en þeir standa á malarbornu plani í dag. Er það gert til að mæta þörfum og kröfum um aðgengi, snyrtilegra umhverfi og öryggisþáttum. Stærð athafnasvæðis AT601 breytist þar af leiðandi um því sem nemur stærð fyrirhugaðs iðnaðarsvæðis.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við breytinguna.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

**sérfræðingur**

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

**teymisstjóri**